

## ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 8/1999

Eðalvörur ehf.

gegn

Samkeppnisstofnun

### I.

Með bréfi, dags. 20. apríl 1999, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 21. apríl s.á., hefur Sigurður Þórðarson fyrir hönd Eðalvara ehf., kært bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 2/1999, dags. 8. apríl 1999.

Samkvæmt hinni kærðu ákvörðun eru auglýsingar Eðalvara ehf., sem birtust í Morgunblaðinu 1. og 7. apríl 1999, taldar brjóta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999. Jafnframt segir í ákvörðuninni að ef Eðalvörur ehf. birti aftur auglýsingar sem brjóta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999 leggist á dagsektir samkvæmt 51. gr. samkeppnislaga að fjárhæð kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem Eðalvörur ehf. birta slíka auglýsingu.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/1999 verði felld úr gildi. Til vara er þess krafist að Samkeppnisstofnun upplýsi með hvaða hætti Eðalvörur ehf. er heimilt að kynna almenningi afstöðu Samkeppnisstofnunar og ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999 án þess að til févítis komi.

Samkeppnisráð krefst þess aðallega að kærðu áfrýjanda verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Til vara er þess krafist að bráðabirgðaákvörðunin verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

### II.

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 7. janúar 1999 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Lyfju hf. þar sem kvartað var yfir sjónvarpsauglýsingu Eðalvara ehf. á kóresku gingsengi sem fyrirtækið flytur inn.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 13. janúar 1999, kvartaði Cetus yfir sömu auglýsingu Eðalvara ehf.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 29. mars 1999 var mál þetta tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 12/1999.

Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörur ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, að nota að ástæðulausu setninguna „varist eftirlíkingar & í auglýsingum sínum á gingsengi

þar sem slíkt er ósanngjarnt gagnvart keppinautum og neytendum og brýtur í bága við góða viðskiptahætti.“

Í Morgunblaðinu 1. apríl 1999 birtist auglýsing á ginsengi frá áfrýjanda þar sem fram kemur eftirfarandi:

„Samkeppnisráð hefur bannað að vara við eftirlíkingum af þessari vöru.“

Í Morgunblaðinu 7. apríl 1999 birtist önnur auglýsing frá áfrýjanda þar sem fram kemur eftirfarandi:

„Samkeppnisráð hefur bannað Eðalvörum ehf. að vara við eftirlíkingum af þessari vöru. Þess vegna verður það ekki gert að svo stöddu.“

Vegna ofangreindra auglýsinga tilkynnti Samkeppnisstofnun áfrýjanda með bréfi, dags. 7. apríl 1999, að stofnunin fengi ekki betur séð en að auglýsingarnar færu gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999.

Áfrýjanda var gefinn kostur á að koma að athugasemdum sem hann gerði með bréfi dags. 8. apríl 1999.

Þann 8. apríl 1999 tók Samkeppnisstofnun bráðabirgðaákvörðun í máli þessu.

Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Með heimild í 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 tekur Samkeppnisstofnun eftirfarandi ákvörðun:

„Auglýsingar Eðalvara ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, sem birtust í Morgunblaðinu, þann 1. og 7. apríl 1999, brjóta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999.

Birti Eðalvörur ehf. aftur auglýsingar sem brjóta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999 leggjast á dagsektir skv. 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að fjárhæð kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem Eðalvörur birta slíka auglýsingu.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

### III.

Áfrýjandi telur að Samkeppnisstofnun hafi sést yfir nokkur veigamikil atriði í máli þessu. Hann bendir á að með auglýsingum sínum sé ekki verið að vara við eftirlíkingum sem séu á markaðinum. Þvert á móti sé verið að vekja athygli almennings á afstöðu Samkeppnisstofnunar til Eðalvara ehf. og undarlegum úrskurði samkeppnisráðs.

Áfrýjandi kveður auglýsingar sínar ekki beinast gegn samkeppnisaðilum og bendir á að Samkeppnisstofnun viðurkenni að ekki sé vitað um eftirlíkingar á rauðu eðalginsengi hér á landi.

Þá bendir áfrýjandi á að með ákvörðun nr. 16/1999 hafi samkeppnisráð nú staðfest hina kærðu bráðabirgðaákvörðun.

Samkeppnisstofnun byggir á því að bráðabirgðaákvörðanir stofnunarinnar sæti ekki kærðu til áfrýjunarnefndar og beri því að vísa málinu frá. Þessu mótmælir áfrýjandi.

Að mati Samkeppnisstofnunar liggur ljóst fyrir að áfrýjandi hafi með auglýsingum í Morgunblaðinu 1. og 7. apríl 1999 brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/1999. Til stuðnings þess vísar Samkeppnisstofnun til hinnar kærðu ákvörðunar og gagna málsins.

#### **IV.**

##### **Niðurstaða.**

Samkeppnisstofnun tók bráðabirgðaákvörðun í máli þessu með heimild í 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Slíkar ákvarðanir skulu lagðar fyrir samkeppnisráð á næsta fundi ráðsins og skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan sex vikna ella fellur hún úr gildi. Samkeppnisráð hefur nú staðfest þessa ákvörðun. Sjálfstæður réttur til kærðu á bráðabirgðaákvörðuninni er ekki fyrir hendi eins og málið liggur fyrir.

#### **V.**

##### **Úrskurðarorð.**

Máli þessu er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 4. júní 1999.

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir